

Persónuverndarskilmálar fyrir Hagkaupskortið

1. Um þetta skjal

- 1.1. Hér er að finna upplýsingar um þá vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram þegar þú sækir um og notar Hagkaupskortið.
- 1.2. Hagkaupskortið (hér nefnt **kortið**) er úttektarkort, tengt viðskiptareikningi, sem gefið er út af smásölufyrirtækinu Hagkaupi, kt. 430698-3549, Skútuvogi 5, 104 Reykjavík (hér nefnt **ábyrgðaraðili**) en það er ábyrgðaraðili þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram í tengslum við útgáfu og notkun kortsins. Erindi sem tengjast vinnslunni er hægt að senda í tölvupósti á netfangið personuvernd@hagar.is.
- 1.3. Í þessari persónuverndarstefnu er fjallað um hvaða persónuupplýsingar við vinnum með í tengslum við kortið, tilgang vinnslunnar og heimildir fyrir henni, miðlun persónuupplýsinga og geymslutíma þeirra, auk ýmissa annarra atriða um þá vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer í tengslum við kortið.

2. Tegundir persónuupplýsinga, tilgangur vinnslunnar og heimildir fyrir henni

- 2.1. Til þess að við getum unnið úr umsókn þinni um kortið og veitt þér þá þjónustu sem boðið er upp á í tengslum við það þurfum við að vinna með margs konar persónuupplýsingar, í ýmiss konar tilgangi og á grundvelli ólíkra heimilda. hér að neðan eru taldar upp þær tegundir persónuupplýsinga sem við öflun um þig, ýmist beint frá þér eða annars staðar frá:
- 2.2. Tengiliðaupplýsingar, þ.e. nafn, kennitala, heimilisfang og netfang: Þetta eru upplýsingar sem við öflum beint frá þér. Þær eru okkur nauðsynlegar svo hægt sé að stofna kortareikning og tryggja að við sendum kortið og tilkynningar vegna þess á réttan stað, til að gefa okkur kost á að eiga í samskiptum um kortið og notkun þess og til að tryggja að réttur viðskiptavinar sé skráður sem reikningshafi og korthafi, svo sem vegna reikningagerðar og ef kemur til vöruskila. Okkur er því nauðsynlegt að vinna með þessar upplýsingar vegna samnings þíns við okkur um útgáfu og notkun kortsins, sem og vegna lagaskyldu sem hvílir á okkur, einkum vegna laga um neytendakaup, virðisaukaskatt og bókhald. Við leggjum okkur fram um að lágmarka þær persónuupplýsingar sem við vinnum með um þig.
- 2.3. Upplýsingar um fjárhagsmálefni og lánstraust, þ.e. upplýsingar frá fjárhagsupplýsingastofu um hvert lánsþæfismat þitt er og hvort þú sért á vanskilaskrá. Þessara upplýsinga er aflað í þeim tilgangi að ákveða fjárhæð úttektarheimildar og verja ábyrgðaraðila gegn fjárhagslegum áföllum vegna útgáfu korta til umsækjenda sem ekki standa í skilum með skuld af kortareikningi sínum. Þessi vinnsla er forsenda þess að ábyrgðaraðili sé tilbúinn að gefa út kortið og því er áskilið að umsækjandi veiti í umsóknarferlinu sérstakt samþykki sitt fyrir þessum persónuverndarskilmálum og þar með þessari vinnslu. Vinnslan byggir því á samþykki hins skráða.
- 2.4. Greiðsluupplýsingar, þ.e. upplýsingar um númer kortsins, dags. og tímasetningu hveðrar úttektar á kortið: Okkur er nauðsynlegt að vinna með þessar upplýsingar til að gæta að umsömdum úttektarmörkum kortsins, til að uppfylla bókhaldsskyldur okkar og til að geta veitt kost á bakfærslu og endurgreiðslu á keyptum vörum. Því er okkur nauðsynlegt að vinna með þessar upplýsingar vegna samnings þíns við okkur um útgáfu og notkun kortsins og vegna lagaskyldu okkar, svo sem samkvæmt lögum um bókhald.
- 2.5. Upplýsingar um vörukaup þín hjá okkur, þ.e. hvaða vörur þú keyptir, hvenær og fyrir hvaða upphæð: Við vinnum með þessar upplýsingar, eins og með tengiliðaupplýsingarnar, sbr. hér að framan, í þeim tilgangi að geta selt og sent þér viðkomandi vörur og til að geta veitt kost á bakfærslu og endurgreiðslu á keyptum vörum. Okkur er því nauðsynlegt að vinna með þessar upplýsingar annars vegar vegna samnings þíns og okkar og hins vegar vegna lagaskyldu sem hvílir á okkur.
- 2.6. Auk þess að vinna með persónuupplýsingar notum við margs konar ópersónugreinanlegar upplýsingar til að starfrækja kortaútgáfu okkar, t.d. tölfræðilegar upplýsingar um hversu mikil velta er með kortunum á hvaða dögum o.s.frv. Engar slíkar upplýsingar er hægt að rekja til tiltekins viðskiptavinar heldur er einungis um að ræða ópersónugreinanlegar upplýsingar um hópa viðskiptavina.

3. Miðlun persónuupplýsinga

- 3.1. Þeim persónuupplýsingum um þig sem við vinnum með vegna kortaútgáfunnar miðlum við ekki til þriðja aðila, svo sem til utanaðkomandi vinnsluaðila til dæmis til geymslu eða bókhaldsþjónustu, nema í eftirtöldum tilvikum:
- 3.2. Bókhaldsgögn eru afhent innlendum endurskoðendum okkar eftir því sem þeir kunna að óska eftir lögum samkvæmt.
- 3.3. Við áskiljum okkur rétt til að hlíta fyrirmælum þar til bærra íslenskra dómstóla og eftirlitsstofnana um afhendingu

gagna, þar á meðal þeirra sem kunna að innihalda persónuupplýsingar.

- 3.4. Afrit af gögnum eru vistuð hjá vottuðum vinnsluaðila okkar innan EES.

4. Geymslutími

- 4.1. Geymslutími þeirra persónuupplýsinga sem við vinnum með ræðst af þeim tilgangi sem þeirra er aflað í og þeirri heimild sem vinnslan byggist á. Þannig geymum við tengiliðaupplýsingar þínar á meðan á viðskiptum með kortið stendur. Rétt er að ítreka að korthafar geta ávallt látið loka kortum sínum og reikningshafar kortareikningum sínum í samræmi við viðskiptaskilmála fyrir kortið sem í gildi eru á hverjum tíma.
- 4.2. Ef umsókn þín um kort er ekki samþykkt eru þær persónuupplýsingar sem ábyrgðaraðili býr yfir um þig í tengslum við umsóknina geymdar í þrjá daga og getur þú innan þess tíma óskað upplýsinga um ástæður höfnunarinnar en að þeim tíma liðnum er þeim eytt.
- 4.3. Ef umsóknin er samþykkt eru er unnið með aðrar persónuupplýsingar um þig, þ.e. upplýsingar um vörukaup þín ásamt greiðsluupplýsingum í þann tíma sem okkur er skylt vegna ákvæða í lögum um bókhald í lögum, þ.e. nú í minnst 7 ár en ekki lengur en í 10 ár.

5. Réttindi þín

- 5.1. Þar sem við vinnum, eins og kemur fram hér að framan, með persónuupplýsingar um þig þá hefur þú margs kyns réttindi sem mikilvægt er að þú vitir af:
- 5.2. Þú átt rétt á að óska eftir aðgangi að og afriti af persónuupplýsingum þínum hjá okkur, láta okkur leiðrétta þær ef þær eru rangar eða villandi eða láta okkur eyða þeim ef við höfum ekki lengur heimild til að vinna með þær. Þessum réttindum er nánar lýst í lögum um persónuvernd, sbr. nú 17. og 20. gr. laga nr. 90/2018, þá átt þú samkvæmt síðarnefndu lagagreininni rétt á að flytja eigin gögn eða að við takmörkum vinnslu persónuupplýsinga um þig, að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum. Þú átt einnig rétt á að andmæla vinnslunni skv. 21. gr. laganna.
- 5.3. Þú átt rétt á að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd vegna vinnslunnar. Skrifstofa hennar er að Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík og netfang hennar er postur@personuvernd.is.

6. Gildandi lög og samningsvarnarþing

- 6.1. Um viðskiptaskilmála þessa gilda íslensk lög. Rísi dómsmál um ágreining milli aðila í tengslum við þá skal það mál rekið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.
- 6.2. Þessi útgáfa persónuverndarskilmálanna er frá 30. nóvember 2021 og gildir um alla vinnslu sem á sér stað frá og með þeim degi.